

Úttekt á gæðum Rafmennt
Úttekt framkvæmd af StarfsGæði ehf
Gunnar Gíslason 25. nóvember 2020

StarfsGæði ehf - Hraungerði 4 - 600 AKUREYRI

gg@akmennt.is

Úttekt á gæðum hjá Rafmennt

Inngangur

Þar sem miklar takmarkanir eru á ferðum landsmanna og almennum samskiptum vegna COVID-19 fór mat matsaðila fram 25. nóvember 2020 í fjarfundi í Teams og voru eftirfarandi starfsmenn viðstaddir umfjöllun um alla þættina: Þór Pálsson framkvæmdstjóri, Alma Sif Kristjánsdóttir verkefnastjóri kynningar og ráðgjafar, Ásmundur Einarsson verkefnisstjóri veikstraumssviðs, Jón Kjartan Kristinsson verkefnastjóri miðlunar, tækni og skapandi greina og Guðmundur S. Jónsson verkefnastjóri sterkstraums.

Matsaðili var búinn að fá staðfestingu á því að húsnæði og aðstaða öll væri til fyrirmyndar.

Þegar matsfundur hófst var fyrst farið yfir niðurstöður sjálfsmats á fræðsluhluta starfseminnar. Farið var kerfisbundið yfir öll viðmið EQM og EQM+ og þau rædd. Að auki var farið yfir gagnagrunn, heimasíðu, skráningasíðu, öryggisráðstafanir, persónuvernd og almennt mat á starfsemi Rafmenntar sem snýr að starfsemi símenntunar. Þegar umræðum og mati á fræðsluhlutanum var lokið var farið á sama hátt yfir náms- og starfsráðgjöfina og að lokum raunfærnimatið. Matsaðili undirbjó heimsóknina með nákvæmri yfirferð á sjálfsmati Rafmenntar og fylgigögnum. Hann bar svo fram spurningar eftir því sem við átti og kallaði eftir svörum. Fundurinn gekk mjög greiðlega enda hafði starfsfólkið undirbúið sig mjög vel og voru öll gögn til fyrirmyndar.

Helstu niðurstöður

Fræðsla

Hvorki voru gerðar athugasemdir við framkvæmd sjálfsmats á fræðslu Rafmenntar né notkun mats á starfseminni. Persónuverndarstefna hefur verið uppfærð og er innleidd. Vel er staðið að sjálfsmati, vinnureglum, skjalastjórnun, þarfagreiningum, samskiptum bæði innanhúss og utan svo og notkun viðmiða við gæðastjórnun. Starfsmenn Rafmenntar axla fulla ábyrgð á vinnu sem er á þeirra vegum og sýna ríkulegan vilja til að tryggja að allir sem að fræðslu koma uppfylli nákvæmlega þau viðmið EQM.

Náms- og starfsráðgjöf

Hvorki voru gerðar athugasemdir við framkvæmd sjálfsmats á náms- og starfsráðgjöf né notkun mats á starfsemi Rafmenntar. Persónuverndarstefna hefur verið uppfærð og er innleidd. Vel er staðið að sjálfsmati, gerð vinnureglna, skjalastjórnun,

þarfagreiningum, samskiptum bæði innanhúss og utan svo og nýtingu viðmiða við gæðastjórnun. Líkt og áður er rík áhersla á að starfsfólk axli fulla ábyrgð á sinni vinnu og tryggi með þeim hætti að allir sem að náms- og starfsráðgjöf koma uppfylli þau viðmið sem krafist er í EQM+.

Raunfærnimat

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) lagði fram nákvæma lýsingu á hvernig raunfærnimatið skuli framkvæmt og fer Rafmennt nákvæmlega eftir þeim lýsingum. Við yfirferð á gæðaviðmiðunum EQM+ og gögnum þeim tengdum komu engar athugasemdir fram frá matsaðila. Starfsfólk Rafmenntar leggur megin áherslu á að allir sem að raunfærnimatinu koma uppfylli þau viðmið sem krafist er af EQM+ og tryggi með þeim hætti vönduð og áreiðanleg vinnubrögð.

Niðurstöður úttektar

Starfsfólkið var mjög vel að sér um starfsemina og vel í stakk búið til að svara öllum spurningum sem upp komu. Starfsemi Rafmenntar er vel skipulögð, hefur mjög góða aðstöðu fyrir bæði námskeið og starfsfólk og sjálfsmat sem byggir á stöðlum EQM+. Þeirra eigin væntingar til starfseminnar og nýtingar á sjálfsmatsferli og gæðaeftirliti sem uppfyllir öll skilyrði EQM og EQM+ eru miklar.

Það myndi styrkja starfsemi Rafmenntar að formgera betur nokkra þætti gæðamatsins s.s. að fyrir liggja formleg úrbótaáætlun og starfspróunaráætlun til lengri og skemmri tíma.